

LAND



póstur

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

14. árg. 2. tbl, apríl 2002

Ábm.: Jófríður Guðmundsdóttir, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Skýrsla formanns fyrir starfsárið 2001 – 2002

Sextánda starfsár Félags Landfræðinga er liðið. Hér verður greint frá störfum félagsins í stórum dráttum.

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn í Odda miðvikudaginn 28. mars árið 2001 og mættu 9 félagsmenn sem er nú í daprara lagi. Á fundinum urðu mannbreytingar í stjórn en úr henni gengu Karl Benediktsson formaður sem hafði gengt því starfi í nokkur ár og Helga Barðadóttir. Við þökkum Karli og Helgu fyrir gott starf. Við formennsku tók Hjalti J. Guðmundsson en Ingibjörg Jónsdóttir var kosin í stað Helgu Barðadóttur til tveggja ára eins og lög segja til um. Áfram sátu Albert Svan Sigurðsson, Albert Þorbergsson og Jófríður Guðmundsdóttir. Endurskodendur reikninga félagsins, Árni Þór Vesteinsson og Tryggvi Jakósson, voru endurkjörnir. Engar tillögur að lagabreytingum bárust. Engar breytingatillögur um árgjald félagsins komu fram og var ákveðið að halda því óbreyttu frá fyrri árum eða við 2000 kr. márin.

Stjórnin skipti með sér verkum á fyrsta fundi sínu sem hér segir: Hjalti J. Guðmundsson formaður, Albert Svan Sigurðsson aðstoðarformaður, Albert Þorbergsson gjaldkeri, Jófríður Guðmundsdóttir ritari og loks Ingibjörg Jónsdóttir meðstjórni.

Haldnir voru nokkrir vinnufundir á starfsárinu en einnig þjónaði tölvupóstur vel sínu hlutverki. Stjórn félagsins ákvað að breyta nokkuð starfsemi sinni frá fyrri árum. Formuleg fræðsluerindi voru felld niður en í stað þess voru þau látin ráðast af gestafyrirlesurum. Einnig ákvað stjórnin að festa ráðstefnu að vori í sessi og kalla hana Vorráðstefnu Félags Landfræðinga. Stjórnin hefur aðallega unnið að þessum verkefnum þetta starfsárið og lagt höfðið í bleyti um hvernig mætti efla starfsemi. Margar hugmyndir hafa komið fram, m.a. um öflugra félagslíf. Að öðru leiti var starfsemi hefðbundin t.d. með útgáfu Landpóstsins og skipulagningu á uppákomum.

Félagar og heimtur félagsgjalda

Það er ljóst mál að landfræðingar eru stakkandi stétt og hefur nemum í greininni fjölgað undanfárin ár sérstaklega með tilkomu hins nýja ferðamálanáms. Mikilvægt er að við náum til þeirra sem útskrifast og bjóðum þeim aðild að félaginu. Á nýliðnu ári útskrifuðust 8 landfræðingar með B.S. próf. Allmargir eru við framhaldsnám og störf erlendis. Nú eru 204 skráðir félagar en ekki hefur verið ráðist í hreingermingu á félagatalinu til þess að taka út þá sem ekki hafa greitt félagsgjöld enda telur stjórnin mikilvægt að halda utan um þá sem hafa próf í landfræði. Þeir sem greiddu árgjaldið fyrir árið 2001 voru, þegar þetta er skrifað, 73 en það er örlítið betri árangur en árið áður þegar 69 greiddu gjöldin. Ástæðan gæti verið sú að félagatalið var uppfært samkvæmt nýjustu upplýsingum um heimilisföng í þjóðskrá enda kom í ljós að gamli heimilisfangalistinn var ansi láinn.

Fræðslufundur

Aðeins var haldinn einn fræðslufundur á starfsárinu í samstarfi við Jarð- og landfræðiskor. Fræðsluerindið var flutt af prófessor Michael Hall ferðamálafræðingi við Háskólann í Otago á Nýja-Sjálandi. Fyrirlesturinn var haldinn 12. september 2001 og fjallaði um landnotkun og ferðanámenn. Vel var mætt á fundinn eða 45 manns. Fundurinn var haldinn í húsakynnum Háskóla Íslands líkt og venjulega.

Ljóst er að fleiri fyrirlestrar þurfa að vera á dagskrá til þess að efla starfið og eflaust er best að endurskoða þessi mál á nýju starfsári.

Útgáfumál

Fréttabréfið Landpósturinn kom út einu sinni á starfsárinu og það í september. Hjalti J. Guðmundsson og Jófríður Guðmundsdóttir sáu að mestu leyti um skrif og trúgang. Tölvupóstlistinn landpostur@os.is var notaður til upplýsingamiðlunar en netföng á listanum eru 143 sem er örlítil aukning frá síðasta ári en þá voru nöfnin 136. Þess ber að geta að listinn mun verða vistaður hjá nýjum aðila í framtíðinni þar sem netþjónnin os.is varð fyrir ítrekuðum árásum tölvuvírusa en hann gat enga vörn sér veitt nema með ærnum tilkostnaði. Nýja netfangið er landpostur@coollist.com en á listanu þurfa menn að skrá sig sjálfir en við í stjórninni vonum að allir númerandi meðlimir geri það. Þó má gera ráð fyrir einhverjum afföllum þar sem sumir á listanum eru hugsanlega ekki lengur félagsmenn. Þessar breytingar voru kynntar á landpostur@os.is með áberandi hætti þannig að flestir ættu að vera búnir að skrá sig núna ef þeir á annað borð kæra sig um slíkt.

Önnur mál

Farið var í heimsókn til Landmælinga Íslands á Akranesi þann 15. febrúar og tókst vel. 10 manns mættu í ferðina. Tryggvi Jakobsson fór til Liverpool að sækja ráðstetnu Landfræðikennara fyrir hönd félagsins.

Þá er lokið upptalningu á viðfangsefnum ársins.

Reykjavík 21. mars 2002

Hjalti J. Guðmundsson
Formaður Félags Landfræðinga



Nýir landfræðingar 2001-2002

1. Anna Fanney Gunnarsdóttir: Ólfumengun á íslenskum hafsvæðum. Möguleikar á að fylgjast með olfuóhöppum þegar þau eiga sér stað og möguleikar á reglubundnu eftirliti.
2. Bryndís Björk Eyþórsdóttir: Fjarkönnun á hita-innrauðu sviði. Möguleikar til skoðunar á yfirborðsdreifingu og hitastigi jarðhitasvæða
3. Hannes Bjarnason: Skógræktarskipulagsvinna og uppbygging landfræðilegs upplýsingakerfis.
4. Heiða Björk Halldórsdóttir: Rannsóknir á sjávarhita við Ísland. Möguleikar á notkun fjarkönnunargagna við sjávarhitamælingar.
5. Jóna Bríet Guðjónsdóttir: Fjöldi og dreifing ferðamanna í þjóðgarðinum í Skaftafelli. Viðhorf starfsmanna Náttúruverndar ríkisins og ferðaskrifstofa.
6. Ragnheiður Ragnarsdóttir: Hugarkort af Reykjavík.
7. Stefán Már Ágústsson: Landhæðarbreytingar á Kröflusvæðinu. Hæðarmæling 2000 og samanburður við mælingu 1995.
8. Sæþór Ólafsson: Rýmisgreining á örnefnum í Bessastaðahreppi.

Vorráðstefna Félags Landfræðinga 2002

Vorráðstefna Félags landfræðinga (FL) verður haldin **laugardaginn 27. apríl nk Hótel Loftleiðum, Þingsöllum 5**. Ráðstefnan hefst kl. 09:30 og lýkur kl. 17:00. Ráðstefnustjóri er Jörgen H. Þormóðsson, landfræðingur. Ráðstefnugjald er 2500 krónur (hádegisverður og kaffi innifalið í ráðstefnugjaldi). **Skráning fer fram hjá Albert Þorbergssyni á netfangið albert@rvk.is eða í síma 563 2465, tekið er við skráningum til klukkan 11 fyrir hádegis þann 26. Apríl**. Við skráningu þarf að koma fram nafn, heimilisfang, netfang og vinnustaður. Hægt er að greiða ráðstefnugjaldið við skráningu eða að fá sendan reikning til viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Allir landfræðingar og áhugamenn um landfræði eru velkomnir!

Um kvöldið er **árshátíð Félags landfræðinga** og hefst hún klukkan **19:30 á Hótel Loftleiðum** með fordrykk í boði félagsins. Vinsamlegast skráið ykkur á árhátíðina hjá Albert Þorbergssyni um leið og þið bókið ykkur á ráðstefnuna. Á matseðlinum er þíréttuð máltíð með kaffi en þeir sem borða einvörðungu grænmeti eru beðnir að láta vita við skráningu. Árhátíðin kostar 3000 á mann og greiðir hver og einn fyrir sig um kvöldið. Veislustjóri kemur á óvart.

Matseðill kvöldsins er:

Rjómalöguð kjörsveppasúpa
Rósmarín og hvítlauksstunguð lambalæri með rauðvínnsósu.
Súkkulaðifraud með ávöxtum í skyrkörfu og kaffi.

Dagskrá ráðstefnunnar

- 09:30 - 10:00. Skráning
- 10:00 - 10:40. Setning ráðstefnunnar. Hjalti J. Guðmundsson, formaður FL.
- 10:10 - 10:50. *Nele Lienhoop, doktorsnemi í landfræði við háskólann í Aberdeen*: Mat á verndargildi víðerna norðan Vatnajökuls – beiting skilyrfts verðmætamats.
- 10:50 - 11:10. *Pórvurður Arnason, náttúrusiðfræðingur, Siðfræðistofnun HÍ*: Náttúran sem siðfræðilegt viðfangsefni.
- 11:10 - 11:30. *Guðrún Ólafsdóttir fyrrverandi dósent við jarð- og landfræðiskor HÍ*: Eyjar og eyjabúskapur við Ísland.
- 11:30 - 11:50. *Björg Gunnarsdóttir meistaraþröfnsemi í landfræði við HÍ*: Hvað má ráða af örnefnum um þróun mannvistarlandslags á Íslandi?
- 12:00 - 13:00 Hádegisverður
- 13:00 - 13:20. *Hjalte J. Guðmundsson verkefnisstjóri Umhverfisaætlunar Reykjavíkur*: Framlag Jónasar Hallgrímssonar, skálds og náttúrufræðings, til náttúrufræðinnar – stutt samantekt.
- 13:20 - 13:40. *Karl Benediktsson lektor í landfræði við HÍ*: Dýr(s)leg landfræði: Íslenskur landbúnaður og orðræðan um kúakynið.
- 13:40 - 14:00. *Anna Karlsdóttir, lektor við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri*: Möguleikar á vísindasamvinnu á sviði félagsvísinda og umhverfsvísinda. Kynning á CASS og CAES.
- 14:00 - 14:20. *Ólafur Arnar Jónsson landfræðingur, Almenna Verkfræðistofan*: Visitor Preference for a Geothermal Pool Development, Using a Choice Experiment to Determine a Product Mix.
- 14:20 - 14:40. *Rannveig Ólafsdóttir forstöðumaður Háskólaseturs Höfn í Hornafriði*: Vitnisburður um breytingar á ástandi lands síðustu árþúsundin.
- 14:40 - 15:00 Kaffihlé
- 15:00 - 15:20. *Bryndís Róbertsdóttir, M.S. nemi við jarð- og landfræðiskor HÍ*: Gjóskulög á Suðurlandi síðustu 3000 árin: hagnýting til landfræðirannsóknna.
- 15:20 - 15:40. *Ingibjörg Jónsdóttir dósent í landfræði við HÍ*: Fjarkönnun á hafis við Ísland.
- 15:40 - 16:00. *Stefanía Halldórsdóttir landfræðingur Orkustofnun, Vatnamælingar*: Afrenniskortagerð - Staða og framtíðarsýn.
- 16:00 - 16:20. *Martin Karajilov GIS Lab, University of Iceland*: "GIS modelling of weathering of organic matter and rocks in Northeast Iceland"
- 16:20 - 16:40. *Guðrún Gísladóttir, lektor í landfræði við HÍ*: Áhrif gönguferðamanna á vistkerfi þjóðgarðsins í Skafafelli.
- 16:40 Ráðstefniuslit. Hjalti J. Guðmundsson.

19:30 - ?? **Fordrykkur og árshátíð FL á Hótel Loftleidum.**

Veggspjöld:

- Ólafur Eggertsson og Hjalti J. Guðmundsson*: The history of Birch (*Betula sp.*) woodlands on Southern Iceland - a reconnaissance study.
- Björg Gunnarsdóttir*: Samanburður á gróðurfarslýsingum í Íslendingasögnum og núverandi gróðurfari á sömu stöðum.
- Rannveig Anna Guicharnaud*: Rámiþyngd í íslenskum jarðvegi.
- Karin Eólin Hauksdóttir, Ríkharður F. Fríðriksson og Ingibjörg Jónsdóttir*: Halfskortlagning með notkun fjarkönnunargagna.
- Martin Karajilov*: "Mobile Geographic Information Systems (GIS) for GSM" og "Icelandic Gazetteer GIS".